

184. fundur.

Stjórnarfundur SORPU b.s., haldinn fimmtudaginn 3.október 2002.

Mættir eru: Sigurrós Þorgrímsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Valdimar K. Jónsson, Geir Þórólfsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Snorri Finnlaugsson og Ingibjörg Hauksdóttir. Framkvæmdastjóri SORPU bs. Ögmundur Einarsson og deildarstjórar SORPU bs., Björn H. Halldórsson, Ásmundur Reykdal, Ragna I. Halldórsdóttir, Sigríður B. Einarsdóttir og Jón Ólafur Vilhjálmsson.

Mætt var í Gufunes á skrifstofur SORPU bs., klukkan 09:45 var lagt af stað í kynnisferð um fyrirtækið. Heimsótt var móttökustöðin í Gufunesi, Efnamóttakan hf., dótturfyrirtæki SORPU bs., endurvinnslustöðin að Sævarhöfða, Góði hirðirinn, urðunarstaðurinn í Álfsnesi og aðstaða Metans hf. dótturfyrirtækis SORPU bs. í Álfsnesi.

Settur var fundur stjórnar í Félagsheimili Kiwanismanna í Mosfellsbæ kl.12:50 Stjórnarformaður setti fund og gaf stjórn fundarins yfir til framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri kynnir skipurit SORPU bs. Auk þess kynnir hann; Dótturfélög SORPU bs., Efnamóttökuna hf og Metan hf. og Kjötmjöl ehf., sem SORPA bs á 10.1% hlutafé í.

Deildarstjórar kynna starfsemi sinna deilda: Ásmundur Reykdal rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, Jón Ólafur Vilhjálmsson stöðvarstjóri móttökustöðvar, Ragna I. Halldórsdóttir deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs, Björn H. Halldórsson yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Framkvæmdastjóri setur fram til umhugsunar: Verkefni framundan. Hvert skal stefna?

Þróunarstarf – Fræðslumál.

Ásókn – Áreiti:

Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, einstökum sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, ráðuneytum, verkfræðistofum og skólafundunum á öllum stigum.

Ný verkefni:

Er hagstætt fyrir sveitarfélög að setja fleiri verkefni í sameiginlegt byggðasamlag?

Er hagkvæmt að starfssvæðið verði stærra?

Ný lög frá Alþingi:

Lög um úrvinnslusjóð. Meðhöndlun úrgangs.

Áhrif – viðbrögð. Áhrif á sveitarfélög.

Urðunarstaðurinn í Álfsnesi:

Endurskoðun sammings við Reykjavíkurborg.

Gjaldtaka á endurvinnslustöðvum.

Stjórn samþykkir að Sigurrós Þorgrímsdóttir, Valdimar K. Jónsson, Ögmundur Einarsson og Björn H. Halldórsson fari á fund borgarstjóra og kynni henni hugmyndir um breytt skipulag og nýtingu urðunarstaðarins í Álfsnesi. Framkvæmdastjóri skal koma á fundi með borgarstjóra.

Mikil umræða var um þá þætti sem framkvæmdastjóri setti fram til umhugsunar.

Stjórn veitir stjórnarformanni Sigurrós Þorgrímsdóttur umboð til þess að fara með atkvæði SORPU bs. á hluthafafundi Efnamóttökunnar hf. í lok október 2002.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir
Guðmundur G. Gunnarsson
Snorri Finnlaugsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Jón Ólafur Vilhjálmsson
Ásmundur Reykdal
Ögmundur Einarsson
Sigríður B. Einarsdóttir

Ingibjörg Hauksdóttir
Þorsteinn Þorsteinsson
Geir Þórólfsson
Valdimar K. Jónsson
Björn H. Halldórsson
Ragnhildur Helgadóttir
Ragna I. Halldórsdóttir